

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

---

Nefnda- og greiningasvið Alþingis

Sent inn á umsagnagátt Alþingis; [umsagnir.althingi.is](http://umsagnir.althingi.is)

Skaftárhreppi, 3. maí 2024

**Varðar: Athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, er varða virkjanakosti í vindorku (900. mál)**

Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi hefur farið yfir framangreint stjórnarfrumvarp. Samtökin fagna því að málefni vindorkuvera skuli færð inn í verndar- og orkunýtingaráætlun (Rammaáætlun), en athugasemdir við drög að frumvarpinu sendu samtökin inn á samráðsgátt stjórnvalda í janúar sl. Þær sem hér fara á eftir eru að hluta til samhljóða þeim, og eru ítrekaðar.

Eldvötn taka af heilum hug undir það að vindorkan skuli felld inn í lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Hins vegar skelfa þau áform að sveitarstjórnnum verði í sjálfsvald sett hvort farið verði að niðurstöðum Rammaáætlunar eður ei, svo sem frekar er vikið að síðar.

**Hér á eftir fara athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:**

**2. gr. b.:** Eldvötn fagna því að Rammaáætlun skuli ekki taka til friðlýstra svæða og annarra tiltekinna náttúruverndarsvæða, s.s. svæða sem tilnefnd hafa verið til heimsminjaskrár UNESCO, RAMSAR-svæða og svæða innan miðhálandislínu hvað vindorkuna varðar. Samtökin leggja hins vegar til að orðalag greinarinnar verði styrkt þannig að skýrt komi fram að nefnd svæði séu undanskilin þeirri orkuvinnslu er lögin taka til. Þá benda samtökin á að til að innihald lagagreinarinnar skili tilætluðum árangri er nauðsynlegt að setja aukinn kraft í málefni friðlýsinga, en áform um þær bíði ekki óafgreidd árum saman.

**Mikilvæg fuglasvæði:** Eldvötn telja lögin þurfa að endurspegla víðari áherslu á fuglavernd, þ.á.m. fugla á válistum, fugla með verulega hátt verndargildi og þá ekki síst vernd mikilvægra farleiða fugla, en ábyrgð okkar Íslendinga á því sviði er einkar rík.

**Svæði innan miðhálandislínu:** Eldvötn telja áform um að miðhálandið skuli undanskilið karpi um vindorku vera mikið fagnaðarefni. Samtökin benda þó á að ekki gengur að líta til löngu úreldrar skilgreiningar miðhálandislínu, en Eldvötn hafa um árabíl bent á og minnt á að hana verður að uppfæra í landsskipulagsstefnu m.t.t þeirra þjóðlenduúrskurða er fallið hafa eftir að línan var dregin í lok síðustu aldar. Sérstaklega er bent á mikilvægi Álftaversafréttar austan Mýrdalsjökuls í þessu samhengi. Skv. úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 7/2003, frá 10. desember 2004, er svæðið norðan Leirár og vestan

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

---

Hólmsár þjóðlenda og afréttur. Af þeim sökum á það landsvæði án nokkurs vafa að vera innan marka miðhálandislínu. Álftaversafréttur er hluti mikilvægrar samfellu; merkrar heildar náttúru og landslags. Hann einkennist af síkvikri náttúru eldvirka beltisins, þar sem land er í mikilli og hraðri mótun af völdum stórkostlegra náttúruafila. Um svæðið hafa farið hamfaraflóð frá Eldgjá í Kötlueldstöðinni og jarðsöguna og samhengi hennar má lesa um allt svæðið. Hraunflóð, m.a. frá Eldgjárgosinu mikla um 940, hafa runnið um Álftaversafrétt þar sem nú er farvegur Hólmsár.

Þessu til viðbótar telur stjórn Eldvatna sérstaka ástæðu til að bæta eftirfarandi þáttum við, hvað mikilvæg náttúruverndarsvæði varðar:

- Tilfinnanlega vantar inn í greinina svæði sem þegar hafa fallið í **verndarflokk Rammaáætlunar** og skulu friðlýst í samræmi við 6. gr. laga nr. 48/2011, en friðlýsingin ekki komið til framkvæmdar.
- Gera þarf ráð fyrir áhrifum vindorkuvera á **jaðarsvæði verndarsvæða**, en slíkra gætir tíðum langt út fyrir það land er orkuverin sjálf standa á. Inn á áhrif á jaðarsvæði er m.a. komið í 54. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Sérstaklega ber að vernda **óröskuð vatnasvið**, sem eru mikil auðlind er heyra orðið til undantekninga á heimsvísu. Vatnasviðin óröskuð eru einkar mikilvæg heilbrigðu vistkerfi og þeirri mikilvægu þjónustu sem þau veita í náttúrunni. Þau eru mikil auðlind sem ber að vernda, enda heyra óröskuð vatnasvið orðið til algerra undantekninga á heimsvísu.
- Í lögunum þarf að standa vörð um **óbyggð víðerni landsins**, og vísa samtökin til verndarmarkmiða náttúruverndarlaga í 3. gr. þeirra hvað þau áhrærir.
- Eldvötn benda á að auki ættu lögin að kallast á við 61. gr. náttúruverndarlaga, er fjallar um **sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl.**

**3. gr.:** Eldvötn hafna alfarið þeirri hugmynd að sveitarstjórnnum verði í sjálfvald sett hvort þær hlíti niðurstöðum Rammaáætlunar. Til þess er fjárhagsleg freisting þeirra til útvegunar rekstrarfjár einfaldlega of mikil, svo sem sagan hefur svo ítrekað sýnt.

Eldvötn fá ekki séð hvers vegna svæði ættu yfir höfuð að fá mat innan Rammaáætlunar, með öllum þeim tilkostnaði sem slíku fylgir, ef sveitarstjórnnum væri svo í sjálfvald sett hvort þær hlíttu niðurstöðunum. Samtökin styðja það að sveitarstjórnir geti hafnað niðurstöðum Rammaáætlunar um röðun í orkunýtingarflokk, en telji þær önnur svæði álitlegri, þá þurfi þau að fara til mats í Rammaáætlun, rétt eins og hver önnur. Vel þarf að leggjast yfir útfærslu þessarar lagagreinar, þannig að hvorki sveitarstjórnir, framkvæmdaaðilar eða aðrir geti nýtt sér kerfið á skjön við sett markmið.

**5. gr.:** Eldvötn hafna öllum ákvæðum um flýtimeðferðir, á þeim forsendum að Rammaáætlun tekur til langtum fleiri báttá en þar eru lagðir til grundvallar. Vindorkuver eru mjög alvarleg og iðulega

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

---

óafturkræf inngríp í náttúruna, og skulu allar hugmyndir um slík af þeim sökum meðhöndlast með það sem útgangspunkt. Áhugavert telja samtökin einnig að einungis hafi verið lögð fram tillaga að flýtimeðferð vegna orkuvinnslu. **Hvar eru lagagreinar um flýtimeðferð vegna friðlýsinga?**

Þá telja samtökin að allt tal um sérstaka málsmeðferð, grundvallað á markmiðum um orkuskipti og kolefnishlutleysi, sé í besta falli sorglegt. Stjórn Eldvatna bendir á það sem margtuggið er í þjóðfélagsumræðunni; að betur þarf að fara með þá raforku sem héraendis er þegar framleidd, auk þess að styrkja dreifikerfið. Í þessu tvennu liggur vandinn, og með öllu fráleitt að fórna fleiri svæðum undir orkuver til að fóðra annað. Að baki hins raunverulega hvata til uppbyggingar frekari virkjana liggja augljóslega aðrar hvatir og hagsmunir. Þá er ráð að halda vottorðum um kolefnishlutleysi í landinu, en það að selja þau úr landi og ætla svo að fórna frekari landsvæðum er fráleitt.

**Stjórn Eldvatna leggur til að frumvarpinu verði breytt m.t.t. framanritaðs.**

Eldvötn taka einnig heils hugar undir breytingartillögu Andrésar Inga Jónssonar um að stærðarviðmið virkjananna verði 1 MW í stað 10 MW, sbr. þingskjal 1513. Inngríp í náttúruna mælast ekki í MW.

Með góðri kveðju

f.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir  
formaður